

Borgarráð 3. október 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aukna samvinnu ríkis og sveitarfélaga MSS24100023

Vísað er 1. liðs í fundargerð stafræns ráðs frá 25. september, Fulltrúi Flokks fólksins telur að í umsögn þjónustu- og nýsköpunarsviðs um drög að frumvarpi um skipan upplýsingatækni í rekstri ríkisins, sem lögð er fram undir liðnum, komi fram ákveðin stefnubreyting gagnvart aukinni samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Óskað er eftir upplýsingum um hvað veldur þeirri stefnubreytingu.

Greinargerð:

Í þó nokkur ár hefur fulltrúi Flokks fólksins ítrekað bent á að þörf sé á enn meira samstarfi Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga. Í upphafi stafrænnar umbreytingar og lengi framan af hefur þjónustu og nýsköpunarsvið frekar leitast við að gera hlutina upp á eigin spýtur í stað þess að leita meira eftir samvinnu við bæði ríkið og önnur sveitarfélög með tilheyrandi kostnaði. Í þá vegferð fóru milljarðar úr borgarsjóði og ávinningur langt frá því að vera í samræmi við það mikla fjármagn. En nú hefur orðið stefnubreyting ljóslega og fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um það